

Sp. 685. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um flutning á höfuðstöðvum Skógræktar ríkisins að Hallormsstað á Völlum í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Guðrún Tryggvadóttir, Jón Kristjánsson, Sverrir Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins, ásamt embætti skógræktarstjóra, verði fluttar að Hallormsstað á Völlum í Suður-Múlasýslu.

G r e i n a r g e r ð .

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um að flytja ýmsa opinbera þjónustuþætti út á landsbyggðina og efla með því ýmsa aðra starfsemi þar.

Menn hefur greint á um réttmæti slíks flutnings, einkum hvað varðar stórar stofnanir og hafa ýmsir talið heppilegra að setja upp deildir eða útibú frá stofnunum úti á landi. Þó hefur nær einróma verið talið að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins væru best komnar á þeim stað þar sem mestir skógar eru á landinu, mest gróska í tilraunum og skógrækt lengst komin, þ.e. á Hallormsstað á Völlum í Suður-Múlasýslu. Vísast hér m.a. í tillögur stofnananefndar frá 1975, en þar var Skógrækt ríkisins talin fyrst stofnana sem nefndin áleit sjálfsagt að flytja brott af höfuðborgarsvæðinu. Við það bætist að sú stofnun, sem hér um ræðir, er hvorki stór í sniðum né mannmörg þannig að fátt eða ekkert stendur í vegi fyrir flutningi hennar tæknilega séð.

Hallormsstaður á Völlum í Suður-Múlasýslu hefur um áratuga skeið verið vaggja skógræktar á Íslandi. Skógrækt ríkisins hefur þar sína langstærstu deild og þar fara fram mikilvægustu uppeldistilraunir á landinu. Saga skógræktarinnar á Hallormsstað er þýðingarmesti kafli í skógræktarsögu Íslands.

Árið 1899 voru samþykkt á Alþingi lög um verndun Hallormsstaðarskógar og árið 1901 kemur þangað fyrsti lærði skógræðingurinn, danskur maður, Christian E. Flensburg að nafni. Árið 1903 valdi hann gróðrarstöðinni stað og kom af stað ræktun þar sem nú heitir Mörkin. Uppeldisstöðin í Mörkinni hefur stækkað margfalt og breyst mikið frá þeim tíma. Nú fer uppeldið fram að stórum hluta í gróðurhúsum þar sem notaðar eru nýjar aðferðir. Gróðurreitir eru umkringdir ótal tegundum trjáa sem Skógrækt ríkisins hefur flutt til landsins á 80 ára tímabili, en Skógræktin tók við skóginum þegar hún var stofnuð með lögum í nóvember 1907. Ná hæstu tré þar allt að 17 metrum. Árið 1980 voru 49 tegundir innfluttra trjáa á Hallormsstað frá um 200 mismunandi stöðum á landinu.

Í upphafi skógræktar á Hallormsstað var skógurinn girtur, en friðun hins víðlenda birkiskóglendis fyrir beit búfjár var ekki alger fyrir en eftir 1940. Árangur af friðuninni var sá

að staðurinn er nú algerlega óþekkjanlegur frá því sem var í upphafi aldar. Nú hafa verið girt ný svæði á þremur nærliggjandi jörðum þannig að alls eru um 2000 ha innan allra girðinga. Á nýju svæðunum hefur verið plantað *lerki* sem hefur breytt hrjóstrugum móm í frjósöm gróðurlendi. Lerkinu fylgir sveppur sem gerir því kleift að vaxa nánast í möl einni saman og í lerkibreidunum vex hann nú í tonnatali. Með þessum sveppi hafa bæst við hlunnindi sem eiga eftir að hafa ómælda þýðingu á lerkiræktarsvæðum því að lerkisveppurinn er meðal bestu ætisveppa sem finnast.

Tillaga sú, sem hér er flutt, er prófsteinninn á vilja stjórnvalda til að flytja opinbera þjónustuþætti út á land, en það hefur gífurlega þýðingu fyrir þróun byggða og stuðlar að jöfnun aðstöðu þegnanna.

Nú hafa um nokkurt skeið staðið yfir breytingar á búháttum í landbúnaði. Samdráttur í hefðbundnum búgreinum er óumflýjanleg staðreynd og reynt er að beina bændum inn á nýjar brautir. Ræktun nytjaskóga er tvímælalaust ein þeirra leiða sem fara skal, enda almennur áhugi á því innan bændasamtaka á Austurlandi sem og víðar. Með flutningi höfuðstöðva Skógræktar ríkisins að Hallormsstað, þar sem vaxtarsprotar skógræktar eru, næðist ekki eingöngu stór áfangi í byggðamálum heldur einnig í þróun nýrrar stórbúgreinar í landbúnaði.